

Sorpurðun Vesturlands hf  
Bjarnarbraut  
310 Borgarnes

Reykjavík, 22. júní 2022  
UST202202-321/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands**

Þann 21. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti og engar ábendingar voru settar fram. Ein athugasemd var gerð.

Frá fyrri eftirlitum eru opin þrjú frávik er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Sigvatn sem rennur í útrásarskurð skal hreinsað með fullnægjandi hætti, skurðurinn telst ekki þynningarsvæði og því má ekki gæta þar mengunar frá urðunarstaðnum. Niðurstöður mælinga á samsetningu sigvatns sýna að mengun er að berast í skurðinn.
3. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals við reglugerð 789/1999 um fráveitur og skólþ sem og að gildi mega ekki falla um flokk miðað við fylgiskjal með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gildi á köfnunarefni falla um flokk miðað við reglugerð nr. 796/1999.

Rekstraraðili vinnur samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 25. október 2019.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir  
Sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
Lögfræðingur